

Borgarráðssamþykkt um starfssemi og rekstur frístundaheimila Reykjavíkurborgar, sem staðfest er í borgarráði dags. 4. mars 2010.

1. Starfrækja skal frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn úr grunnskólum borgarinnar og bjóða upp á frístundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 17:15. ÍTR sér um rekstur og ber ábyrgð á faglegu starfi frístundaheimilanna. Lögð er áhersla á að þroska félagsfærni barnanna í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.
2. Skóladagatal grunnskóla er grundvöllur að samstarfi grunnskóla og frístundaheimilis um þá þjónustu sem börn í 1.-4. bekk og foreldrar þeirra njóta. Á skóladagatali koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar. Á frídögum í jólafríi, páskafríi og einnig á samstarfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir börn sem þar eru skráð gegn ákveðnu gjaldi á dag fyrir utan hefðbundinn opnunartíma.
3. Frístundaheimilin taka á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladagi lýkur. Börn úr 1. bekk koma eigi fyrr en kl. 13:30 en börn í 2.-4. bekk eigi fyrr en kl. 13:50.
4. Um frídaga og óhefðbundna skóladaga gildir eftirfarandi.
 - Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst frístundaheimilið á hefðbundnum tíma sbr. lið 3. Óhefðbundnir skóladagar geta verið t.d. íþrótt- og útivistardagar, sérstakir þema dagar, jólaskemmtanir, námsmats- eða prófdagar, vorferðadagar eða aðrir merktir dagar að hámarki 10 dagar.
 - Frístundaheimili ÍTR eru lokuð í vetrarfríum skólanna.
5. Skólastjóri kynni að vori skóladagatal næsta árs fyrir verkefnisstjóra frístundaheimilis. Verkefnisstjóri kynni skólastjóra starf frístundaheimilis. Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli skóla og frístundaheimilis með reglulegum fundum. Verkefnisstjóri hafi skilgreindan aðgang að Mentor og sé kallaður inn á nemendaverndarráðsfundi og teymisfundi vegna barna sem eru í frístundaheimilinu.
6. Verkefnisstjóri frístundaheimilis sitji skilafundi leikskóla.
7. Gjald fyrir frístundaheimili er háð dagafjölda vistunar. Umframþjónusta er innheimt sérstaklega.
8. Frístundaheimili skal alla jafna vera staðsett í grunnskólum borgarinnar. ÍTR leigir sérrými frístundaheimilis innan skólans (sjá rýmisþarfir) af Framkvæmda- og eignasviði. Menntasvið greiðir kostnað vegna ræstingar (efni og laun), rafmagns, hita, sameiginlegs öryggiskerfis og fasts/lágmarks símakostnaðar. ÍTR greiðir hluta af þessum rekstrarkostnaði samkvæmt sérstökum samningi við viðkomandi skóla. Umsjónarmenn (húsverðir) skólanna annist vörslu húsnæðisins óháð því hver leigjandinn er.
9. Þar sem aðstaða fyrir frístundaheimili er ekki fullnægjandi innan skólanna skal Framkvæmda- og eignasvið útvega ÍTR húsnæði fyrir frístundaheimili og taka mið af rýmisþörfum frístundaheimilanna.

10. Öllum börnum í 1. og 2. bekk bjóðist einu sinni í viku íþróttaskóli hjá Íþróttafélaginu í hverfinu.
11. Frístundaheimilin leiti eftir samstarfi við þá aðila sem sinna tómstundum barna í hverfinu með það að markmiði að börnin geti stundað þær innan tímaramma frístundaheimilanna.
12. Hver starfsmaður hafi umsjón með 12-14 börnum börnum að jafnaði. 12 börn pr. starfsmann í 6 ára hópnum og 14 börn pr. starfsmann í 7-9 ára hópnum.
13. Þjónusta barna með sérþarfir er metin af ráðgjafafroskaþjálfara ÍTR í samvinnu við umsjónarmenn frístundaheimila, foreldra og samstarfsaðila hverju sinni. Við Öskuhlíðarskóla er rekið sértækt frístundaheimili fyrir alla nemendur Öskuhlíðarskóla.
14. Verkefnisstjóri, aðstoðarumsjónarmaður og frístundaráðgjafi skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis og/eða frítíma. Aðrir starfsmenn skulu hafa menntun eða reynslu sem nýtist í starfi.
15. Skólar og frístundaheimili leitist við að ráða inn starfsmenn sem geta gengt starfi í skóla sem og í frístundaheimili.
16. Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístundaheimili myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. Íþrótt- og tómstundasvið og Menntasvið vinni sameiginlega að þessu markmiði í samvinnu við starfsmenn sviðanna.